

1. Samsetning og skipun starfskjaranefndar

- 1.1. Starfskjaranefnd Iceland Seafood International hf. (“félagið”) er undirnefnd stjórnar félagsins. Stjórnin skipar meðlimi nefndarinnar og formann hennar.
- 1.2. Nefndin skal samanstanda af tveimur til þremur nefndarmönnum, meirihluti þeirra skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum í félaginu. Nefndarmenn skulu skipaðir eigi síðar en einum mánuði eftir aðalfund. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um starfsemi og starfsreglur nefndarinnar. Hvorki framkvæmdarstjóri félagsins né aðrir aðrir af æðstu stjórnendum félagsins og dótturfélag þess skulu skipaðir í starfskjaranefnd.
- 1.3. Æskilegt er að meðlimir nefndarinnar hafi reynslu og þekkingu á viðmiðunarreglum og venjum sem snúa að ákvörðunum um starfskjör stjórnenda. Ef slíkt er talið nauðsynlegt getur starfskjaranefndin leitað aðstoðar ráðgjafa. Slíkir ráðgjafar skulu vera óháðir félaginu, stjórnendum þess og meðlimum stjórnar félagsins sem ekki verða taldir sjálfstæðir. Nefndin er skal tryggja sjálfstæði ráðgjafans.
- 1.4. Nefndin skal starfa í samræmi við íslensk lög, reglugerðir og reglur um stjórnarhætti fyrirtækja.

2. Hlutverk og skyldur nefndarinnar

- 2.1. Starfskjaranefnd skal aðstoða stjórnina við að tryggja að starfskjarastefna styðji við stefnu og markmið félagsins sem og ráðningu, hvatningu og viðhald ráðningasambands æðstu stjórnenda, á sama tíma þær kröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum eru uppfylltar.
- 2.2. Stjórn er ábyrg fyrir skipun og starfsemi starfskjaranefndar og nefndin starfar í umboði stjórnar. Tilvist starfskjaranefndar takmarkar ekki skyldur stjórnarinnar eða dregur úr eða léttir á ábyrgð stjórnar með nokkrum hætti.
- 2.3. Í ljósi ofangreinds skal nefndin ráðfæra sig við utanaðkomandi ráðgjafa um markaðsstaðla fyrir sambærileg fyrirtæki þegar slíkt er talið nauðsynlegt.

3. Lykilstarfsemi

- 3.1. Til að uppfylla hlutverk sitt og skyldur skal starfskjaranefndin:

- i. Útbúa og leggja fram tillögu til stjórnar að starfskjarastefnu félagsins fyrir komandi ár, sem skal innihalda upplýsingar um stefnu félagsins varðandi launamál, hvatakerfi og önnur starfskjör stjórnar, framkvæmdarstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins eins og nánar er útlístað í 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Starfskjarastefnan skal lögð fyrir hluthafa til samþykktar á aðalfundi félagsins. Öll frávík frá starfskjarastefnu skulu lögð fyrir stjórn félagsins til samþykktar og skal rökstuðningur fyrir frávikum skráður í fundargerð stjórnarfundar.

- ii. Endurskoða árlega kjarastefnur félagsins til að meta hvort þær séu að ná tilætluðum árangri og mæla með viðeigandi breytingum eða nýjum stefnum.
- iii. Hafa eftirlit með því að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti.
- iv. Veita stjórninni álit varðandi uppsetningu hvatakerfis, verði lagt til að slíkt kerfi verði tekið í notkun.
- v. Gefa sjálfstætt álit á mögulegum afleiðingum launa og annarra hvata á áhættutöku og áhættustýringu félagsins.
- vi. Leggja árlega fram skýrslu til stjórnar um starfsemi starfskjaranefndar.
- vii. Hafa yfirumsjón með árlegu sjálfsmati stjórnarinnar og undirnefnda hennar, þ.m.t. mati á samsetningu stjórnar með hliðsjón af stefnu og markmiðum félagsins og niðurstöðum árlegs sjálfsmats stjórnarinnar.
- viii. Fara yfir og endurmeta árlega hvort þessar starfsreglur teljist fullnægjandi og gera tillögur um viðeigandi endurbætur.
- ix. Veita stjórn félagsins reglulega, a.m.k. áreiga, upplýsingar um niðurstöður og tillögur nefndarinnar og önnur málefni sem nefndin telur mikilvæg eða stjórnin óskar upplýsinga um.

4. Fundir starfskjaranefndar og ákvörðunarvald

- 4.1. Formaður nefndarinnar skal boða fundi að eigin frumkvæði eða að beiðni annars nefndarmanns. Nefndin skal funda eftir þörfum, en þó ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári svo hún geti með skilvirkum hætti sinnt verkefnum sínum og skyldum.
- 4.2. Starfskjaranefnd er ákvörðunarbær ef tveir meðlimir nefndarinnar eru viðstaddir fund. Samþykki meirihluta nefndarmanna er krafist svo ákvörðun verði tekin um viðeigandi umfjöllunarefni. Tillaga er felld ef atkvæði falla jafnt. Fundargerð skal rituð og samþykkt af nefndarmönnum.
- 4.3. Nefndin skal halda skrá yfir fundargerðir og fundargerðir skulu sendar stjórnarmönnum félagsins, nema hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi.

5. Trúnaðar- og þagnarskyldur

- 5.1. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni félagsins og aðra þætti sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum sem nefndarmenn í samræmi við samþykktir félagsins, viðeigandi lagareglur og almennar meginreglur, nema stjórn félagsins ákveði að gera mál opinbert eða þess sé krafist samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þegar starfstíma nefndarmanns lýkur.
- 5.2. Nefndarmaður skal varðveita öll gögn sem hann eða hún fær aðgang að í tengslum við staf sitt með áreiðanlegum og öruggum hætti. Nefndarmenn skulu skila til félagsins öllum gögnum sem þeir gætu hafa fengið afhent í tengslum við málefni félagsins ef formaður nefndarinnar telur það nauðsynlegt. Nefndarmenn skulu ekki tjá sig um málefni félagsins í fjölmiðlum eða við almenning með öðrum hætti.

6. Annað

- 6.1. Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og skulu endurskoðaðar árlega. Ennfremur eru þessar reglur byggðar leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja frá Viðskiptaráði Íslands.
- 6.2. Breytingar á þessum reglum taka ekki gildi fyrr en stjórn félagsins hefur samþykkt slíkar breytingar. Reglurnar skulu gilda um meðlimi starfskjaranefndar félagsins og meðlimunum er skylt að fylgja þeim. Reglurnar skulu einnig gilda um stjórn félagsins eftir því sem við á.
- 6.3. Frumrit þessara reglna skal alltaf vera aðgengilegt á vefsíðu fyrirtækisins og skal yfirfarin árlega.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 19 júní 2020.